

Jafnréttisáætlun Sæmundarskóla

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Leiðarljós

Sæmundarskóli mun leitast við að gæta fulls jafnréttis meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðun, menningu, stétt, trúarbrögðum, ætterni eða þjóðerni.

Áherslur

Nemendur

- Þegar kemur að skiptingu námshópa skal gæta þess að hafa sem jafnast hlutfal drengja og stúlkna þegar sá kostur er til staðar.
- Viðfangsefni og námsefni í skólanum skal höfða til beggja kynja, einnig skal gæta jafnréttis í kynbundnu námsframboði.
- Unnið skal markvisst gegn stöðluðum kynímyndum.
- Kynferðisleg áreitni verður ekki liðin.

Starfsfólk

- Við ráðningar í störf í skólanum skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.
- Unnið skal markvisst gegn stöðluðum kynímyndum.
- Hvetja bæði kynin til að sækjast eftir trúnaðarstörfum innan skólans eða fyrir hönd skólans. Gæta skal jafnrar stöðu kynjanna við val í nefndir og teymi í skólanum.
- Kynferðisleg áreitni verður ekki liðin.

Forráðamenn

- Hvetja skal forráðamenn af báðum kynjum til að sækjast eftir að taka sæti í ráðum skólans.
- Gæta skal jafnrar stöðu kynjanna.
- Gæta skal jafnréttis kynjanna þegar kemur að skilaboðum og upplýsingum frá skólanum.

Framkvæmdaáætlun skólaárið 2014-2015

Nemendur, starfsmenn og forráðamenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í skólanum er gætt jafnréttis og virðingar í framkomu við alla óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni eða þjóðerni.	Ástundað í öllu starfi á vegum skólans	Allir starfsmenn	Alltaf
Jafnréttisáætlun skólans skal kynnt í upphafi skólaárs	Áætlunin er kynnt nemendum á bekkjarfundum, starfsmönnum á starfsmannafundum og forráðamönnum á haustkynningum	Skólastjóri	Fyrir lok september ár hvert.

Nemendur

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gæta að jafnri stöðu kynja hvað varðar líðan, sjálfsmynd og virkni	Greining á niðurstöðum Skólapúlsins og gerð áætlana í samræmi við þær.	Stjórnunarteymi í samráði við umsjónarkennara	Þegar niðurstöður Skólapúlsins liggja fyrir í október, desember, febrúar og apríl
Könnun á líðan og virkni nemenda í 1. – 7. bekk	Nemendur svara könnun heima og fara yfir niðurstöður með foreldri og kennara. Við úrvinnslu niðurstaðna er sérstaklega gætt að kynjamun.	Umsjónarkennarar	Í október 2014
Fræðsla um jafnrétti	Tekið fyrir á bekkjarfundum í öllum árgöngum.	Umsjónarkennarar	Lokið fyrir lok okt. 2014
Fræðsla um mismunun t.d. vegna aldurs, trúabragða, kynferðis eða fötlunar	Tekið fyrir á bekkjarfundum í öllum bekkjardeildum	Umsjónarkennarar	Lokið fyrir lok nóv. 2014
Fræðsla um mannréttindi	Tekið fyrir á bekkjarfundum í öllu bekkjardeildum	Umsjónarkennarar	Lokið fyrir lok des. 2014
Hópverkefni um stefnu skólans í jafnréttismálum	Tekið fyrir á bekkjarfundum í öllu bekkjardeildum	Umsjónarkennarar	Lokið fyrir lok jan. 2015
Námsefni valið með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi	Kennarar velji námsefni sem mismunar ekki nemendum	Kennarar	Þegar námsefni er valið
Fjölbreytt úrval af valgreinum sem höfðar til breiðs hóps	Við skipulag valgreina sé leitast við að auka fjölbreytni svo sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi	Skólastjórnendur og kennarar	Þegar valgreinar eru skipulagðar fyrir skólaárið

Nemendur fá kynningu og fræðslu um fjölbreytileg störf. Þeir skulu hvattir til að ráðast gegn hefðbundnum staðalímyndum	Fræðslan fer fram í lífsleikni, á bekkjarfundum og í náms- og starfsfræðslu	Allir starfsmenn	Hvenær sem færi gefst
Námsumhverfi taki mið af jafnréttissjónarmiðum	Gæta skal þess að veggspjöld, myndir og annað efni í umhverfi nemenda sé í samræmi við jafnréttisstefnu skólans	Allir starfsmenn	Alltaf
Nemendur fá fræðslu um kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi og viðbrögð við slíku	Fræðsla um kynþroska og siðferði í samskiptum kynjanna í samræmi við aðalnámskrá.	Kennarar og skólahjúkrunar - fræðingur	Í lífsleikni- Tímum og á bekkjarfundum

Starfsmenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í auglýsingum á störfum hjá skólanum skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga og vitnað til mannréttinda- stefnu Reykjavíkurborgar	Samkvæmt ákvæðum í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	Skólastjóri	Þegar við á
Leitast skal við að jafna kynjamun í nefndum og teymum starfsmanna	Þegar kemur að trúnaðarstörfum og þróunarverkefnum skólans skal hvetja aðila þess kyns sem hallar á að sækjast eftir aðild.	Skólastjóri	Þegar við á
Vinna skal gegn stöðluðum kynímyndum	Í orðræðu á fundum og í rituðum textum skal gæta orðalags er varða kynímyndir	Allir starfsmenn	Þegar við á
Kynferðisleg áreitni er ekki liðin	Starfsmenn fá fræðslu um einkenni kynferðislegrar áreitni og hvernig bregðast skuli við henni	Skólastjóri	Fyrir lok desember 2014

Forráðamenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í upplýsingum og auglýsingum á vegum skólans skal leitast við að höfða til beggja kynja	Gæta skal að orðræðu í öllu efni sem fer frá skólanum til forráðamanna með þetta í huga	Skólastjóri og kennarar	Þegar við á
Mikilvægt er að litið sé á karlkyns og kvenkyns forráðamenn sem jafngild.	Þegar haft er samband við forráðamenn vegna nemenda skal gæta þess að hafa jafnt samband við báða forráðamenn eftir því sem því verður við komið	Skólastjórnendur og kennarar	Þegar við á